

Matsáætlun fyrir skólaárið 2026–2027

Áætlunin sýnir hvaða viðfangsefni verða metin á skólaárinu, hvaða markmið og viðmið liggja til grundvallar, hvaða gagna verður aflað, hvenær matið fer fram og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni. Hún er sett fram í sama skipulagi og umbótaáætlun skólans svo skýrt samband sé á milli matsáætlunar, gagnaöflunar, niðurstaðna og umbóta í skólastarfi.

Farið er yfir hvern matspátt í upphafi skólaárs. Það sem metið er í C eða D, eða gefur annars tilefni til umbóta, færast yfir í umbótaáætlun.

Yfirlit yfir flokka

Nám og kennsla	Stjórnun og fagleg forysta	Skólabragur	Innra mat
----------------	----------------------------	-------------	-----------

Flokkar og litir eru samræmdir umbótaáætlun skólans til að auðvelda eftirfylgd milli skjala.

Nám og kennsla

Nær yfir árangur náms, gæði kennslu og innleiðingu leiðsagnarnáms. Gögn og viðmið eiga að tengjast námsmati, gæðaviðmiðum og faglegri rýni.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tími	Ábyrgð
Árangur náms	Meta reglulega námsárangur og framfarir nemenda og tryggja að niðurstöður námsmats leiði til snemmtækra viðbragða þar sem þörf er á.	Niðurstöður úr Matsferli, Lesfimi og öðru námsmati eru rýndar eftir matslotum. Frávik, hópar eða árgangar sem þurfa stuðning eru skráðir og aðgerðir tengdar umbótaáætlun.	Matsferill, Lesfimi, námsmat kennara, lotuyfirlit, teymisfundargerðir og stöðuyfirlit eftir árgöngum/hópum.	Haut: viðmið og grunnstaða. Eftir hverja matslotu: rýni og viðbrögð. Vor: heildarsamantekt.	
Gæði kennslu	Meta gæði kennslu með áherslu á skipulag, nýtingu kennslutíma, bekkjarstjórnun, virkni nemenda, fjölbreytta kennsluhætti og vinnufrið.	Þættir samkvæmt gæðaviðmiðum séu í A eða B. Þættir í C eða D færast í umbótaáætlun. Agi í tímum hækki frá grunnstöðu 4,6 og nálgist landsmeðaltal 4,9.	Vettvangsathuganir, matsfundir, rýni kennsluáætlana, kennarakönnun og Skólapúlsinn.	Allt skólaárið. Stöðumat í nóvember og febrúar. Lokamat í maí/júní.	
Leiðsagnarnám	Meta hvort nemendur þekki námsmarkmið verkefna, fái skýr verkefnaviðmið og fái endurgjöf sem styður næstu skref í námi.	Hlutfall nemenda sem veit hvað á að læra af verkefnum hækki frá grunnstöðu 76,2% og nálgist samanburðarhóp. Verkefni sýni skýr námsmarkmið og viðmið um árangur.	Rýni verkefna og kennsluáætlana, nemendarynihópar, samtöl við kennara, matsfundir og Skólapúlsinn.	Haut: sameiginleg viðmið. Miðvetur: stöðumat. Vor: endurmat og næstu skref.	
Námsaðlögun	Meta hvort skýr ferli, leiðbeiningar og stuðningur séu til staðar við aðlögun náms fyrir nemendur með ólíkar námsþarfir.	Námsaðlögun hækki frá 3,28 í kennarakönnun. Þátturinn skýrar leiðbeiningar hækki frá 2,44. Ferli um námsaðlögun sé sýnilegt í kennsluáætlunum og notað í teymum.	Kennarakönnun, rýni kennsluáætlana, skráningar stoðþjónustu, samtöl við starfsfólk og matsfundir.	Haut: ferli og viðmið. Janúar/febrúar: rýni á framkvæmd. Vor: endurmat.	
Efniviður, aðstaða og tækni	Meta hvort nemendur og kennarar hafi aðgang að efnivið, aðstöðu og tækni sem styður fjölbreytta verkefnavinnu og skapandi nám.	Hlutfall nemenda sem telur sig hafa nægan aðgang að efnivið, aðstöðu og tækni hækki frá 61,3%. Flöskuhálsar séu skráðir og leystir eftir forgangi.	Úttekt á tækjum, rýmum og efnivið, notkunarskrár, nemenda- og kennarakönnun, rýni á verkefnum og teymisfundargerðir.	Haut: kortlagning. Miðvetur: stöðumat og úrbætur. Vor: mat á árangri.	

Stjórnun og fagleg forysta

Nær yfir faglegt samstarf, samræðu og forystu við þróun skólastarfs. Skráið skýr viðmið, gögn og ábyrgð svo matið nýtist til umbóta.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tími	Ábyrgð
Faglegt samstarf og samræða	Meta hvort teymi vinni markvisst með sameiginleg umbótaverkefni, sérstaklega námsmarkmið, leiðsagnarnám, námsaðlögun og vinnufrið.	Öll kennarateymi rýna í umbótaþætti reglulega og skrá ákvarðanir. Starfsfólk þekki forgangsmál skólaársins og verkferla sem unnið er eftir.	Fundargerðir, teymisfundir, rýni kennsluáætlana, matsfundir og stöðuyfirlit umbóta.	Mánaðarlegt stöðumat eða að lágmarki sex sinnum yfir skólaárið.	
Stuðningur við námsaðlögun	Meta hvort fagleg forysta, sérfræðipækking og handleiðsla styðji kennara við að skipuleggja og framkvæma námsaðlögun.	Verkferill, gátlistar og dæmasafn um námsaðlögun liggi fyrir og séu notuð. Starfsfólk upplifi skýrari stuðning og betri leiðbeiningar milli mælinga.	Kennarakönnun, starfsþróunarsamtöl, matsfundir, rýni sérkennsluteymis og skráning stuðnings.	Haut: verklag og kynning. Miðvetur: rýni. Vor: endurmat.	
Gagnadrifin eftirfylgd	Meta hvort niðurstöður úr könnunum, námsmati og matsfundum séu nýttar í ákvarðanatöku og markvissa eftirfylgd umbóta.	Stöðumat fari fram a.m.k. þrisvar á ári. Helstu mælikvarðar séu í sameiginlegu stöðuyfirliti og ákvarðanir skráðar.	Stöðutafla, fundargerðir, matsfundir, könnunargögn og samantektir innra mats.	Haut, miðvetur og vor.	

Skólabragur

Nær yfir velferð og líðan nemenda, starfsánægju og menningu skólasamfélagsins. Gögn geta m.a. komið úr könnunum, samtölum og rýnihópum.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tími	Ábyrgð
Velferð og líðan barna	Meta líðan, sjálfsmynd, stjórn á eigin lífi, þreytu, svefn og félagsleg tengsl nemenda og fylgja eftir hópum sem þurfa sérstakan stuðning.	Vellíðan haldist eða hækki frá 4,5. Þreyta og vöknunarerfiðleikar lækki. Aðgerðir fyrir viðkvæma hópa séu skráðar og rýndar reglulega.	Skólapúlsinn, Íslenska æskulýðsrannsóknin, skráningar, rýnihópar, nemendasamtöl og stöðufundir velferðarteymis.	Allt skólaárið. Fyrsta kortlagning fyrir október. Stöðumat um miðvetur og lokamat að vori.	
Starfsánægja og líðan á vinnustað	Meta starfsumhverfi, samskipti, upplýsingaflæði og þann stuðning sem starfsfólk fær til að vinna að forgangsverkefnum skólans.	Jákvæð þróun komi fram milli mælinga. Starfsfólk upplifi skýrari stuðning, gagnlegt samstarf og betri verkferla vegna námsaðlögunar og kennsluþróunar.	Starfsmannakönnun, viðhorfskönnun/Stofnun ársins, starfsþróunarsamtöl, matsfundir og stöðumat teymisstjóra.	Haut: grunnstaða. Miðvetur: stöðumat. Vor: samantekt og næstu skref.	
Samskipti og eineltisforvarnir	Meta stöðu samskipta, eineltis, staða þar sem einelti birtist og traust nemenda til viðbragða starfsfólks.	Eineltistíðni lækki frá 13,8%. Hlutfall nemenda sem telur starfsfólk gott í að stöðva stríðni og einelti haldist sterkt eða batni.	Skólapúlsinn, eineltisskráningar, nemendasamtöl, rýnihópar, skráningar úr frímínútum og stöðufundir.	Haut: kortlagning. Mánaðarleg eftirfylgd. Vor: mat á árangri.	

Innra mat

Nær yfir skipulag, framkvæmd og umbætur innra mats. Hér er fylgst með því að matið fari fram samkvæmt áætlun og leiði til markvissra umbóta.

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tími	Ábyrgð
Skipulag	Meta hvort matsáætlun, gagnaheimildir, tímasetningar og viðmið liggi fyrir í upphafi skólaárs og tengist umbótaáætlun.	Matsáætlun og gagnalisti sé samþykkt í september. Skýrt sé hvaða gögn verða notuð fyrir hvern matsþátt og hvernig niðurstöður fara í umbótavinnu.	Matsáætlun, gagnalisti, fundargerðir innra matssteymis, stöðuyfirlit og tenging við umbótaáætlun.	Ágúst/september og við lok hvernar matslotu.	
Framkvæmd	Meta hvort gagnaöflun, úrvinnsla, rýni og kynning niðurstaðna fari fram samkvæmt áætlun.	Helstu gagnaöflunum sé lokið á réttum tíma. Niðurstöður séu ræddar tímanlega með viðeigandi hópum og skráðar á aðgengilegan hátt.	Skráningar, fundir, könnunargögn, samantektir niðurstaðna, rýnihópaskrár og stöðuskýrslur.	Allt skólaárið, sérstaklega eftir hverja gagnaöflun.	
Umbætur	Meta hvort niðurstöður innra mats leiði til skráðra, forgangsraðaðra og mælanlegra umbótaáðgerða.	Hver umbótaáðgerð hafi tengd gögn, tímaramma, mælikvarða og stöðu. Að lágmarki 80% áðgerða séu í vinnslu eða lokið við árslok.	Stöðutafla umbóta, stöðufundir, endurmat, Skólapúlsinn, kennarakönnun og greinargerð um innra mat.	Haut, miðvetur og vor.	
Kynning og lærdómur	Meta hvort niðurstöður og næstu skref séu kynnt á aðgengilegan hátt og hvort lærdómur skólaársins nýtist við næstu áætlun.	Helstu hagsmunaaðilar þekki umbótaáherslur og hafi tækifæri til að koma með ábendingar. Lærdómur sé skráður við lok skólaárs.	Kynningarefni, fundargerðir, viðbrögð starfsfólks/nemenda/foreldra, árslokamat og undirbúningur næstu áætlunar.	Haut: kynning. Miðvetur: stöðumat. Vor: lærdómur og næsta áætlun.	